



Æskulýðsstarf Hestamannafélagsins Snæfaxes árið 2012

Starf æskulýðs Snæfaxes var ekki eins mikið þetta starfsárið líkt og til stóð í upphafi, því miður, þó engin sérstök skýring hafi fundist á því. Eitt reiðnámskeið var haldið fyrir hestaáhugafólk á aldrinum 6-16 ára og knapamerkjanámskeiðið komst ekki á líkt og til stóð.

Dagana 12. – 15. júní stóð Hestamannafélagið Snæfaxi fyrir reiðnámskeiði fyrir börn á aldrinum 6-16 ára. Þáttaka fór fram úr björtustu vonum og hafa aldrei fleiri skráð sig til þátttöku á námskeiði sem þessu hér en alls urðu þátttakendur 28 og voru margir hverjir að fara á bak í fyrsta skipti. Reiðkennararnir Ágúst Marinó Ágústsson og Reynir Atli Jónsson voru kennarar á námskeiðinu og gáfu hestamannafélaginu vinnu sína en ágóðinn mun renna óskertur til æskulýðsstarfs Snæfaxes. Námskeiðið fór fram í reiðhöllinni Kaplaborg að Gunnarsstöðum í Þistilfirði þar sem Snæfaxi á aðstöðu í félagi með ábúendum. Ekki stóð á hrossaeigendum á svæðinu frekar en fyrri daginn að lána öll þau hross sem til voru sem gætu hentað undir lítið vana knapa.



Krökkunum var skipt í hópa eftir getu og kennt í klukkustund senn. Þannig fékk einn hópurinn kennslu í reiðmennsku þar sem áhersla var t.d. á ásetu og

taumhald á meðan annar hópur fékk kennslu í umhirðu reiðtygja, umgengni við hross og fleira. Svo var skipt um hópa þannig að allir hóparnir fengu kennslu í öllum þeim atriðum sem boðið var upp á á námskeiðinu. Þann 17. júní var haldin firmakeppni Snæfaxes á keppnissvæði félagsins, Lönguhlíðarmelum í Þistilfirði, þar sem allir þátttakendur í námskeiðinu fengu afhenda viðurkenningu fyrir þátttöku sína og þar að auki skráði nokkur hópur nemandanna sig til þátttöku og gekk vel.



Það er óhætt að segja að mikil ánægja hafi verið með þetta framtak félagsins meðal þátttakenda jafnt sem foreldra þeirra og ekki síður þeirra er að námskeiðinu stóðu. Þetta er vonandi liður í æskulýðsstarfi félagsins sem er kominn til að vera því framtak sem þetta er sterkur liður í því forvarnarstarfi sem stöðugt þarf að vaka yfir, auk þess er þetta frábær lyftistöng fyrir hestamannafélagið að svo margir ungliðar skuli hafa áhuga á að kynna sér þessa íþrótt sem hestamennskan er.

Í ágúst var síðan haldið síðsumarmót Snæfaxes þar sem aftur voru skráðir til keppni nokkrir af þeim knöpum sem voru á námskeiðinu fyrr í sumar.



Vönustu knaparnir á þessu aldursbili komu síðan að sjálfsögðu með í reiðtúr sem farinn var yfir í Öxarfjörð upp úr miðjum júní ásamt hópi eldri knapa (tveggja daga reið hvora leið) og svo aftur í félagsferð Snæfaxes sem farin var fyrri hluta ágústmánaðar. Þar sem riðið var í þrjá daga og stóðu þessir ungu knapar sig alveg eins og hetjur í báðum þessum ferðum.



Nú í vetur er stefnt að því að koma knapamerkjanámskeiði í gang í samstarfi við Grunnskólann á Þórshöfn og verður það vonandi eitt af fleiru skemmtilegu sem stefnt er að að setja á viðburðadagatal Snæfaxes á næsta starfsári.

Það er von okkar sem í forsvari erum fyrir Hestamannafélagið Snæfaxes að æskulýðsstarfið megi vaxa og dafna á komandi árum því við höfum áhugasöm ungmenni, ágæta aðstöðu og reiðkennara á svæðinu svo það væri synd að láta þetta tækifæri úr greypum sér ganga.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Snæfaxes,

Árni Davíð Haraldsson,

ritari félagsins.